



FRÉTTABRÉF UMSE

3. tbl. 22. árgangur 2007



Unglingalandsmót á Höfn í Hornafirði

Unglingalandsmót UMFÍ 2007 verður haldið á Höfn í Hornafirði um Verslunarmannahelgina og sér USÚ um framkvæmd mótsins að þessu sinni. Aðsókn á unglingalandsmótið síðustu ár hefur verið ágæt.

Hátíðin er öllum opin en sjálft íþróttamótið er fyrir unglunga á aldrinum 11-18 ára og er þátttökugjald 5500.- kr. Annar kostnaður er enginn og verður þetta því að teljast afar ódýr fjölskylduhátíð.

UMSE hefur hug á því að fara með fjölmennt lið keppenda og vonandi koma sem flestir með þó þeir séu ekki að keppa. Þeir keppendur sem fara á vegum UMSE fá gefins peysur, merktar UMSE og nafni keppandans, líkt og gert hefur verið áður. Aðrir sem vilja geta keypt sér peysur. Til þess að það gangi upp þurfum við að fá nöfn þeirra sem ætla að taka þátt sem allra fyrst og óskum við eftir því að öll skráning á Unglingalandsmótið fari í gegnum skrifstofu okkar að Óseyri 2, á Akureyri (umse@bugardur.is).

Líkt og áður er starfandi undirbúningsnefnd fyrir Unglingalandsmótið og viljum við hvetja fólk til þess að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna. Einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu mótsins www.ulm.is. Nefndin er þannig skipuð:

- Árni Arnsteinsson, Formaður UMSE
s: 866-7501, 4626783
- Ari Jósavínsson, Frjálsíþróttabjálfi
s: 891-0777
- Sigurður Kristjánsson
s: 893-0319
- Katrín Sigurjónsdóttir
s: 466-1828
- Þorsteinn Marínósson, Framkvæmdastjóri UMSE
s: 868-3820

Þorvaldsdalsskokkið í 14. sinn

Þorvaldsdalsskokkið, elsta óbyggðahlaup á Íslandi, var þreytt í 14. skiptið laugardaginn 30. júní. Að þessu sinni voru göngumenn ræstir tveimur tímum fyrir en hlauparar og gafst sú tilhögun vel. Alls voru 33 þátttakendur í Þorvaldsdalsskokkinu og luku 26 keppni áður en tímatöku var hætt kl. 15:30. Sigurvegari var Stefán Viðar Sigtryggsson á tímanum 2 klst, 23 mín, 8 sek meðan Sigríður Einarsdóttir var fyrst kvenna á tímanum 2 klst, 41 mín, 31 sek.

Vormót UMSE

Vormót UMSE í frjálsum íþróttum fór fram á Dalvíkurvelli daganna 19. og 21. júní. Mótið fór vel fram og mættu keppendur frá Smáranum, Samherjum, Svarfdælum (Dalvík), Reyni og Æskunni. Auk keppenda frá aðildarfélögum UMSE kepptu nágrennar okkar frá UFA á mótinu. Þátttaka var frekar dræm á þriðjudeginum þegar 13 ára og eldri öttu kappi en afar góð í sumum flokkum yngri keppenda. Skráður keppendafjöldi á mótinu var 183 og verður það að teljast nokkuð gott. Úrslit má nálgast á mótaforriti FRÍ.

Að loknu Landsmóti

Jæja þá er lokið risaLandsmóti í Kópavogi. Þátttaka okkar var all góð, en alls tóku um 50 keppendur þátt í því og voru til fyrirmyndar á öllum sviðum. Við stefndum á Landsmót með stærri hóp en þetta varð niðurstaðan. Eins og á síðasta Landsmóti sendum við sameiginlegt lið með Ungmennafélagi Akureyrar og hlutum 4. sæti í heildarstigakeppni þátttökufélaga. Verður það að teljast mjög góður árangur. Fyrir okkur sem fórum var helgin í heild ánægjuleg og vil ég þakka öllum fyrir þátttökuna. Rétt er þó að geta þess að þátttaka fólks af landsbyggðinni var í heild afar léleg og virtist sem landsbyggðarsamböndin legðu lítinn metnað í að mæta á mótið. Hvað olli því ætla ég ekki að fullyrða neitt um, en þó læðist að mér sá grunur að það að halda Landsmót á höfuðborgarsvæðinu sé eitthvað sem ekki heillaði landsbyggðarmanninn, enda fór það svo að mótið týndist að hluta til í umhverfi sínu. Fram hafa komið mjög neikvæðar raddir um framkvæmd mótsins og víst er það rétt að ýmislegt er varðar íþróttakeppnina sem slíka hefði betur mátt fara, en margt annað var vel gert og ber að þakka það. Það er hinsvegar alveg ljóst að neikvæð umræða út í samfélaginu um framkvæmd mótsins er okkur sem ætlum að halda Landsmót á Akureyri eftir tvö ár ekki til framdráttar. Það er nú þegar hafinn undirbúningur undir það og gengur vel. Að lokum. Horfum fram á veginn, stuðlum að þróttmiklu starfi okkar félaga og stöndum vörð um Landsmótin. Lifið heil.

Árni Arnsteinsson.

Helstu úrslit á Landsmóti

Keppendur UMSE á Landsmótinu í Kópavogi voru um 50 talsins. Ekki er unnt að telja upp árangur allra keppenda en þó mætti telja upp það helsta. Blakliðin skiluðu góðum árangri sem og oft áður. Kvenna liðið varð í 4. sæti og karla liðið varð í 3. sæti. Bridge-sveit okkar varð í 10. sæti. Ágætis árangur náðist í starfsíþróttum. Þar mætti helst nefna í pönnukökubakstur þar sem Sigríður S. Jónsdóttir sigraði með glæsilegum hætti og Ingunn Aradóttir varð í því sjöunda. Gestur Hauksson náði 9. sæti í dráttarvélarakstri. Í stafsetningu eignuðumst við líka landsmótsmeistara, en þar varð María Björk Kristjánsdóttir í 1.-2. sæti og Halla Björk Þorláksdóttir í 4.-9. sæti. Í Jurtagreiningu áttum við fjóra keppendur sem náðu allir í stigasæti. Það voru þau Starri Heiðmarsson í 2. sæti, Sesselja Ingólfssdóttir í 3. sæti, Hjördís Haraldsdóttir í 7. sæti og Inga Vala Gísladóttir í 8. sæti. Þá náði Ingunn Aradóttir 2. sæti í Lagt á borð og Kristlaug Marín Valdimarsdóttir 5. sæti. Í Starfshlaupi áttum við fjóra keppendur og náðu tveir þeirra í stigasæti. Það voru þeir Starri Heiðmarsson í 5. sæti og Davíð Jónsson 9. sæti. Tvær golfsveitir tóku þátt og náði kvennasveitin 3. sæti og Karlasveitin í 4.-5. sæti.

Í skák varð blönduð sveit UMSE og UFA í 2. sæti.

Ekki varð mikið um verðlaun í frjálsum íþróttum að þessu sinni en þess má þó geta að flestir okkar keppendur eru ungir að árum. Þrátt fyrir það var árangur allra góður og náði Steinunn Erla Davíðsdóttir að komast inn í Úrvalshóp FRÍ fyrir árangur sinn í 400m hlaupi. Keppendur UMSE í frjálsum íþróttum voru:

Ari Jóhann Júlíusson
Guðlaug Jana Sigurðardóttir
Gunnar Örn Hólmfríðarson
Harpa Lind Konráðsdóttir
Jónas Godsk Rögnvaldsson
Kristján Godsk Rögnvaldsson
Starri Heiðmarsson
Steinunn Erla Davíðsdóttir

Landsbankinn fær sérstakar þakkir fyrir stuðning við keppendur okkar á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi.

Aldursflokkamót

Aldursflokkamót UMSE verður nú í annað sinn haldið samhliða Akureyrarmóti UFA. Eins og í fyrra verða keyrð tvö samhliða mót

Ákveðið var að gera þetta með þessum hætti til reynslu og gera mótin þannig hagkvæmari og stærri. Þetta þótti takast mjög vel og úr varð stærra og öflugra mót. Mótinu verður skipt niður á 3 daga, 14., 16. og 21. ágúst.

Nánari upplýsingar um mótið koma inn á vefsíðu okkar www.umse.is þegar nær mótinu dregur.

Sumarlokun í Búgarði, en áfram opið á skrifstofu

Dagana 16. til 30. júlí verður afgreiðsla í Búgarði lokuð vegna sumarleyfa. Áfram verður þó opið á skrifstofu UMSE þriðjudaga frá kl. 13:00 til 16:00 og fimmtudaga frá kl. 12:00 til 16:00. Þeir sem þangað eiga erindi eru beðnir um að hringja og láta vita af komu sinni í síma 868-3820 (Þorsteinn) þar sem útidyr eru læstar á þessu tímabili.



Útgefandi Ungmennasamband Eyjafjarðar, Óseyri 2, 603 Akureyri.

Vefang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson